

Úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ

Ár 2020, mánudaginn 16. nóvember, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Sigurði I. Halldórssyni, Þresti Ríkharðssyni og Halldóri Frímanssyni.

Fyrir er tekið málið nr. 12/2020:

Knattspyrnufélagið Fram
gegn
Knattspyrnusambandi Íslands

Gögn málsins merkt nr. 1-5 liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR:

I.

Kærandi:

Knattspyrnufélagið Fram,
kt. 491070-0139
Safamýri 26, Reykjavík
Fyrirsvarsmaður: Sigurður Ingi Tómasson

Kærði:

Knattspyrnusamband Íslands
kt. 700169-3679
Laugardalsvelli, 104 Reykjavík
Fyrirsvarsmaður: Klara Bjartmarz

Mál þetta er mótttekið af skrifstofu KSÍ 5. nóvember 2020. Kærða var gefinn kostur á að skila greinargerð innan viku með bréfi dags. 6. nóvember. Greinargerð barst frá kærða innan frestsins þann 13. nóvember 2020..

Kröfur:

Af hálfu kæranda er krafist að ógilt verði með úrskurði sú ákvörðun stjórnar Knattspyrnusambands Íslands föstudaginn 30. október 2020 að Knattspyrnufélagið Leiknir Reykjavík hljóti sæti í úrvalsdeild karla leiktímabilið 2021/2022.

Þá er þess krafist að viðurkennt verði með dómi að knattspyrnulið knattspyrnufélagsins Fram og knattspyrnulið Íþróttafélagsins Leiknis séu jafnstæð við lokaniðurröðun 1. Deildar karla samkvæmt reglugerð KSÍ um viðmiðanir og sértækar ráðstafanir vegna heimsfaraldurs kórónuveiru (covid-19) sem sett var 17. júlí 2020.

Þá er krafist málskostnaðar kæranda að skaðlausu.

II.

Ekki er ágreiningur milli aðila um málavexti og verða þeir eingöngu reifaðir stuttlega.

Þann 17. júlí 2020 setti stjórn Knattspyrnusambands Íslands (hér eftir „KSÍ“) reglugerð um viðmiðanir og sérstakar ráðstafanir vegna heimsfaraldurs kórónuveiru, eða svonefnda Covid reglugerð. Í Covid reglugerðinni voru m.a. settar fram reglur um hvernig ljúka skuli mótum takist ekki að leika alla leiki innan þess tíma sem niðurröðun gerði ráð fyrir við upphaf móts og þá voru síðustu mögulegu mótlok ákveðin þann 1. desember 2020. Þegar reglugerðin var sett þá hafði faraldurinn þegar haft margvísleg áhrif á mótahald á vegum KSÍ og m.a. tafði upphaf móta.

Í ljósi hertra sóttvarnaaðgerða vegna kórónuveirufaraldursins var öllu mótahaldi á vegum KSÍ frestað um viku þann 7. október 2020 en í kjölfar þess tóku við frekari frestanir m.t.t. sóttvarnaaðgerða. Þann 30. október 2020 var reglugerð nr. 1051/2020 um takmörkun á samkomum vegna farsóttar birt. Með reglugerðinni var m.a. lagt bann við íþróttaiðkun frá 31. október til og með 17. nóvember 2020.

Á fundi stjórnar KSÍ 30. október 2020 var tekin ákvörðun um að hætta keppni í Íslandsmótum og í bikarkeppnum karla og kvenna og ákveðið með úrslit í keppnum og um færslur á milli deilda og þátttökurétt liða í Evrópukeppni 2021.

Í Lengjudeild karla var ákveðið að lið Keflavíkur og Íþróttafélagsins Leiknis (hér eftir „Leiknir“) fengu sæti í Pepsi Max deild karla á komandi tímabili. Var Leiknir með jafnmörg stig og kærandi en var úrskurðað sætið á grundvelli betri markatölu.

III.

Af hálfu kæranda er byggt á því að ákvörðun KSÍ skorti heimild í Covid reglugerðinni til þess að úrskurða að Leiknir skuli taka sæti í úrvalsdeild tímabilið 2021/2022.

KSÍ hafi byggt ákvörðun sína á meðaltali stiga og markatölu sem gerði það að verkum að Leikni var veitt sæti í efstu deild á næsta tímabili 2021/2022. Þessi ákvörðun eigi sér enga stöð í umræddri reglugerð. Í reglugerðinni sé aðeins mælt fyrir um meðaltal stiga en ekki markatölu. Það sé því engin heimild fyrir því að veita Leikni sætið umfram kæranda, þar sem meðaltal stiga hjá liðunum var jafnt eða 2,10 stig að meðaltali.

Covid reglugerðin hafi verið sett sem sérregla og um hana gildi meginreglan um forgangsregluna lex specialis. Forgangsreglur og túlkunarreglur í íslenskum rétti gildi um íþróttahreyfinguna og dómstóla þeirra þegar aðrar túlkunarreglur séu ekki sérstaklega fyrir hendi. Forgangsreglan lex specialis hafi því gildi fyrir úrskurðarnefndum KSÍ sem og dómstólum KSÍ.

Í forgangsreglunni felist að sérreglu reglugerðarinnar skuli beitt um lok mótsins enda gangi hún framur almennum reglum KSÍ um knattspyrnumót. Ástæðulaust hefði verið að setja sérreglu um mótið ef hún ætti ekki við úrlausn tiltekins móts og gengi því framur almennri reglu sem virðist taka til sama tilviks auk fleiri tilvika. Með því að enda mótið, eins og stjórn

KSÍ gerði með ákvörðun sinni þann 30. október 2020, virkjaði stjórn KSÍ á grundvelli 5. gr. sérreglu sem gangi framur almennum reglum og reglugerðum um knattspyrnumót. Í Covid reglugerðinni, var í sömu grein, þ.e. 5. gr., tæmandi talið hvernig fara skyldi með mót þegar ákvörðun yrði tekin um lok mótsins, þ.e. meðaltal stiga. Hefði stjórn KSÍ ætlað að láta markatölu gilda hefði það þurft að koma skýrlega fram í reglugerðinni. Það var ekki gert og hafnar kærandi öllum eftiraskýringum þar að lútandi. Ákvörðun KSÍ sem tók mið af markatölu hafi því verið með öllu ólögmat og stjórnin farið út fyrir valdsvið sitt er hún tók ákvörðun um lokaniðurstöðu knattspyrnumótsins þar sem Leiknir fékk sæti í efstu deild tímabilið 2021/2022 á grundvelli stiga og markatölu.

Þessa niðurstöðu megi einnig leiða af 8. gr. Covid reglugerðarinnar en þar segi „*Stjórn KSÍ hefur lokaákvörðun um öll þau málefni sem reglugerð þessi nær ekki sérstaklega til*“. Með þessari grein sé lokaákvörðunarvald fært til stjórnar KSÍ um málefni sem reglugerðin nái ekki sérstaklega til. 5. gr. Covid reglugerðarinnar segi berum orðum hvernig skuli farið með niðurröðun liða þegar móti ljúki með ákvörðun stjórnar KSÍ og getur því vald stjórnar skv. 8. gr. ekki náð til annarrar reglu en kemur fram í Covid reglugerðinni. Einnig megi álykta út frá greinni að engar aðrar reglur en sérreglur Covid reglugerðarinnar eigi við þegar móti ljúki skv. 5. gr. reglugerðarinnar. Í þessu felist ekki heimild til stjórnar KSÍ að úrskurða um efni Covid reglugerðarinnar eða bæta efnislegum atriðum við hana. Ágreiningi um reglugerðir og þar sem þeim sleppi sé í höndum úrskurðarnefnda og dómstóla KSÍ, sbr. 39. gr. laga KSÍ, sbr. einnig gr. 3.1. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál en þar segir að Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ hafi fullnaðarlögsögu fyrir þeim málefnum, sem komi upp innan vébanda KSÍ og varða lög og reglur þess sem við á.

Af framangreindu leiði að sérregla Covid reglugerðarinnar eigi við og ekki geti verið tekin ákvörðun um að annað eigi við en sem tæmandi er talið í reglugerðinni.

IV.

Kærða var gefinn kostur á að skila greinargerð innan viku og barst svar þann 13. nóvember 2020.

Af hálfu kærða er aðallega gerð krafa um frávísun málsins. Kærði vísar til þess að stjórnkerfi KSÍ sé skýrt um hlutverk og valdsvið einstakra eininga innan þess. Samkvæmt 7. gr. laganna fari Knattspyrnuþing KSÍ með ædsta vald í málefnum KSÍ og seti nauðsynleg lög. Stjórn KSÍ fari með ædsta vald í málefnum KSÍ á milli knattspyrnuþinga.

Hlutverk og starfssvið stjórnar KSÍ sé nánar skilgreint í 17. gr. laganna og sé sérstaklega tekið fram í 2. mgr. 17. gr. að það sé hlutverk stjórnar KSÍ að hafa „*eftirlit með því að lög KSÍ, reglugerðir KSÍ og leikreglur séu haldin og getur hún vísað brotum aðila til aga- og úrskurðarnefndar KSÍ.*“

Um hlutverk og valdsvið aga- og úrskurðarnefnda sé fjallað í 7. kafla laganna. Er hlutverk nefndarinnar að taka ákvarðanir um „*viðurlög skv. lögum þessum, reglugerðum KSÍ og aga- og úrskurðarreglum KSÍ gegn aðildarfélögum, forráðamönnum, leikmönnum, þjálfurum, starfsmönnum, umboðsmönnum og öðrum þeim, sem eru innan vébanda aðildarfélaga KSÍ.*“

Þau viðurlög sem lögin kveði á um að aga- og úrskurðarnefnd geti lagt á séu í 40. gr. laganna og varði viðurlög gagnvart einstökum aðildarfélögum og einstaklingum. Lögin veiti ekki aga- og úrskurðarnefnd heimild til þess að ógilda ákvarðanir stjórnar KSÍ svo sem kærandi krefst.

Kærði vísar einnig til 39. gr. laga KSÍ en þar er fjallað um lögsögu aga- og úrskurðarnefndar og áfrýjunardómstóls. Í gr. 39.1. komi fram að lögsagan taki til þeirra mála sem koma upp innan vébanda Knattspyrnusambands Íslands, sem varða lög og reglugerðir KSÍ eftir því sem við á.

Í gr. 39.2. segi orðrétt „*skulu öll ágreiningsmál gagnvart aðildarfélögum KSÍ, forráðamönnum félaganna, leikmönnum, þjálfurum, liðsstjórum, umboðsmönnum og öðrum þeim sem eru innan vébanda aðildarfélaga KSÍ rekin fyrir aga- og úrskurðarnefnd KSÍ og áfrýjunardómstól KSÍ nema það sé sérstaklega heimilað í lögum eða reglugerðum KSÍ að reka málið fyrir nefndum innan KSÍ. Aldrei skal heimilt að reka ágreiningsmál vegna laga- og reglugerða KSÍ fyrir almennum dómstólum.*“

Með greininni séu þeir aðilar sem lögsaga nefndarinnar nái yfir skýrlega afmarkaðir og telur kærði skýrt að aga- og úrskurðarnefnd hafi ekki lögsögu yfir stjórn KSÍ.

Samkvæmt gr. 31.2. starfi nefndin eftir aga- og úrskurðarreglum KSÍ, nú reglur samþykktar þann 28. maí 2020. Sé þar að finna efnislega sömu reglur um hlutverk nefndarinnar, sjá 3. gr. og ákvæði um það hverjir geti orðið aðilar til varnar í málum fyrir nefndinni og áfrýjunardómstólnum, sjá gr. 7.1. Þá sé í IV. kafla reglugerðarinnar fjallað um þau viðurlög sem nefndin getur lagt á vegna kærumála og ljóst að þar er ekki að finna heimild fyrir því að hún geti ógilt ákvarðanir stjórnar KSÍ.

Ákvörðun stjórnar KSÍ hafi að þessu leyti verið endanleg og verði ekki borin undir aga- og úrskurðarnefnd KSÍ, sem hvorki hafi lögsögu yfir stjórn KSÍ eða heimildir að lögum KSÍ til að ógilda ákvarðanir stjórnar KSÍ.

Þá vísar kærði einnig til dóms áfrýjunardómstóls KSÍ í máli nr. 1/2016, þar sem staðfest var með vísan til forsendna niðurstaða aga- og úrskurðarnefndar í kærumáli nr. 3/2016; Stjarnan gegn mótanefnd KSÍ.

Kærði bendi einnig að á málatilbúnaði kæranda séu aðrir annmarkar sem lúta m.a. að því að kröfugerð hans leysi ekki úr ágreiningi sem uppi er um það hvort lið kærða eða Leiknis skuli færast upp í efstu deild og nái því ekki markmiðum sínum.

Verði ekki fallist á kröfu um frávísun málsins byggir kærði á því að hafna beri kröfu kæranda.

Sá grunnur sem kærandi byggir mál sitt á sé ekki réttur. Annars vegar telji kærandi að ákvæði Covid reglugerðarinnar séu tæmandi og takmarkandi varðandi rétt stjórnar til að taka ákvörðun um niðurröðun liða vegna þess að hætta þyrfti keppni, og hins vegar telji kærandi að stjórn KSÍ hafi sótt heimild sína til að taka ákvörðun um að hætta keppni og ákvarða röð liða til Covid reglugerðarinnar.

Samkvæmt gr. 44 í lögum sambandsins var það hlutverk og á ábyrgð stjórnar KSÍ að taka ákvörðun um það hvernig skyldi bregðast við ef þær aðstæður kæmu upp að ekki væri talið unnt að ljúka yfirstandandi móti. Að auki sé það einnig almennt hlutverk og á valdsviði

stjórnar KSÍ að skera úr ágreiningi eða taka ákvarðanir um málefni sem lög eða/og reglugerðir KSÍ ná ekki yfir, sbr. 13. liður gr. 17.1 í lögum sambandsins.

Ákvörðun stjórnar KSÍ þann 30. október um röð liða byggði á þeirri heimild og skyldu sem gr. 44 í lögum sambandsins leggi á stjórnina þegar upp koma óviðráðanleg tilvik. Sama lagaheimild hafi einnig legið til grundvallar setningu Covid reglugerðarinnar, sjá gr. 10.1 og sé hún ítrekuð í gr. 8 í reglugerðinni.

Sú málsástæða kæranda að orðalag í gr. 5.1 í Covid reglugerðinni þar sem segi að meðalföldi stiga hvers liðs fyrir sig í hverjum leik sem það hefur lokið á þeim degi þegar móti er aflýst skuli ráða, „*endanlegri niðurröðun*.“ takmarki heimildir stjórnar KSÍ til að taka ákvörðun samkvæmt lögum félagsins er því í grundvallaratriðum röng, enda geti reglugerð stjórnar KSÍ ekki takmarkað möguleika KSÍ til að taka ákvörðun samkvæmt lögum sambandsins eða takmarkað möguleika stjórnar KSÍ til að setja nýja eða breytta reglu. Yrði talið að ákvörðun stjórnar KSÍ samræmdist ekki ákvæði í Covid reglugerðinni þá viki viðkomandi ákvæði í Covid reglugerðinni.

Í öðru lagi hafi stjórn KSÍ með Covid reglugerðinni verið að setja sér viðmiðanir fyrir hugsanlega ákvörðunartöku á grundvelli gr. 44 í lögum sambandsins eins og skýrt komi fram í heiti reglugerðarinnar og skýringum í greinargerð þar sem tekið sé sérstaklega fram að „*Reglurnar eru til viðmiðunar ef á þarf að halda*“ og sérstök athygli er „*vakin á því upp geta komið aðstæður sem kalla á breytingar eða nýjar ákvarðanir að tillögu mótanefndar*.“

Að því leyti sem stjórn KSÍ hafi talið að þær viðmiðanir tækju ekki til þeirrar aðstöðu að tvö lið væru jöfn að stigum átti hún frjálst val um að beita þeim aðferðum sem hún taldi réttmætar til að skera úr um röð liða. Jafnvel þó svo stjórnin hefði talið að í reglugerðinni væri að finna ákvæði sem væri óljóst eða óskýrt, jafnvel misvísandi, hefði það engin áhrif haft heimild stjórnar þann 30. október s.l. til að taka ákvörðun eftir því sem stjórnin taldi nauðsynlegt og samræmdist vilja hennar og markmiðum með reglugerðinni. Hefði stjórn KSÍ jafnvel getað breytt efni reglugerðarinnar ef hún hefði talið þörf á því til að gera efni hennar skýrara. Sjónarmið kæranda um forgang á sérreglum eigi því ekki við.

Auk þess sem sjónarmið kæranda um sérreglu eigi ekki við þá séu þau röng, að því leytinu til að ekki eru að finna í Covid reglugerðinni ákvæði sem leysi úr þeirri stöðu sem upp kom og mál þetta varðar, þ.e. að lið séu jöfn að stigum. Þá vísi „*endanleg niðurröðun*“ í ákvæði greinarinnar aðeins til niðurröðunar eftir meðalstigum. Þannig er það endanleg niðurstaða að á keppnistímabilinu fengu kærandi og Leiknir jafn mörg stig.

Það eitt og sér leysi þó ekki úr því hvort liðið eigi að teljast hafa lent í öðru sæti deildarinnar og öðlast keppnisrétt í efstu deild á næsta keppnistímabili. Máltilbúnaður kæranda og kröfugerð beri það enda með sér.

Að auki telur kærði það ranga ályktun hjá kæranda að engar reglur hafi gilt þann 30. október s.l. um það hvernig ætti að leysa úr þessari stöðu. Kærði bendir á að almennar reglur um knattspyrnumót hafi gilt áfram og í þeim sé að finna almennar, hlutlægar og vel þekkar reglur um það hvernig beri að leysa úr því þegar tvö lið eru jöfn að stigum í stigakeppni. Er enda vísað til þeirra í niðurlagi gr. 5.1, en þar segi „*Skulu þá Íslandsmeistarar krýndir í hverri deild og lið færast á milli deilda með sama hætti og ef allir leikir í þessum deildum á Íslandsmóti hefðu verið leiknir*.“

Í gr. 21.3 í reglugerð um knattspyrnumót segi svo um niðurröðun í stigakeppni:
„Sigurvegari í stigakeppni er það lið sem hlýtur flest stig og í 2. sæti er það lið sem hlýtur næst flest stig o.s.frv. Röð liða í stigakeppni ákvarðast nánar samkvæmt eftirfarandi (sbr. þó grein 21.4):

- a. Fjöldi stiga.*
- b. Markamismunur (skoruð mörk að frádregnum fengnum mörkum).*
- c. Fjöldi skoraðra marka.*
- d. Fjöldi stiga í innbyrðis leikjum.*
- e. Markamismunur í innbyrðis leikjum.*
- f. Fjöldi skoraðra marka í innbyrðis leikjum.*
- g. Fjöldi skoraðra marka á útivelli í innbyrðis leikjum.*

Ef úrslit fást ekki skv. framangreindu í meistaraflokki, skulu liðin leika úrslitaleiki (úrslitaleiki ef fleiri en tvö lið) ef nauðsyn krefur, en í öðrum flokkum skal ákvarða röð með blutkesti.“

Kærandi hafi ekki gert grein fyrir því hvernig eigi að leysa úr því hvort hann eða lið Leiknis eigi að fá sæti í efstu deild ef liðin teljast jöfn samkvæmt viðurkenningarkröfu hans. Verði fallist á hana hljóti að blasa við að úr þeirri stöðu, sem þá væri komin upp þyrfti að leysa. Það yrði varla gert betur en eftir gildandi reglum um úrslit í stigakeppni skv. gr. 21.3 eða með því að stjórn KSÍ taki um það ákvörðun á grundvelli gr. 44 í lögum sambandsins.

Niðurstaða hvor tveggja leiða liggi þegar fyrir, lið Leiknis telst hafa verið í 2. sæti Lengjudeildarinnar og spili í efstu deild á næsta keppnistímabili.

Kærandi gerir kröfu um málskostnað úr hendi kærða, en fyrir slíkri kröfu er ekki heimild í lögum sambandsins eða reglum um aga- og úrskurðarnefndina. Aðeins er heimild fyrir aga- og úrskurðarnefnd til að dæma kæranda til greiðslu málskostnaðar, teljist málsgrundvöllur tilhæfulaus, sjá d lið greinar 12.1.

V.

Niðurstaða:

Í máli þessu hefur Knattspyrnufélagið Fram kært KSÍ og krafist þess að ógilt verði með úrskurði sú ákvörðun stjórnar Knattspyrnusambands Íslands föstudaginn 30. október 2020 að Leiknir hljóti sæti í úrvalsdeild karla leiktímabilið 2021/2022. Þá er þess krafist að viðurkennt verði með dómi að lið Fram og Leiknis séu jafnstæð við lokaniðurröðun 1. deildar karla samkvæmt Covid reglugerðinni.

Í gr. 7.1 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er kveðið á um að einstaklingur og/eða félag, sem misgert er við og hefur hagsmuni af meintu broti hafi rétt til að leggja fram kærur til aga- og úrskurðarnefndar KSÍ. Þá kemur fram að varnaraðili getur verið hver sá sem tilgreindur er í grein 3.3. í reglugerðinni.

Í gr. 3.3. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál eru tilgreindir þeir aðilar sem aga- og úrskurðarnefnd getur beitt viðurlögum fyrir brot á lögum KSÍ, reglugerðum KSÍ og öðrum reglum. eru umræddir aðilar, sem taldir eru upp með tæmandi hætti í ákvæðinu, aðildarfélög, forráðamenn, leikmenn, þjálfarar, starfsmenn, milliliðir og aðrir þeir, sem eru innan vebanda aðildarfélaga KSÍ. Grein 3.3. í reglugerðinni fær jafnframt stoð í gr. 31.3 í lögum KSÍ sem er orðuð með sambærilegum hætti.

Í gr. 12.1 og 12.2 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er talið upp í níu stafaliðum þau viðurlög sem aga- og úrskurðarnefnd getur beitt aðila máls í kærumálum. Enn fremur eru önnur ákvæði í reglugerðinni sem kveða á um viðurlög vegna ýmissa brota sem aga- og úrskurðarnefnd er heimilt að styðjast við, sbr. gr. 12.2 e). Í kafla XI. (viðurlög og refsingar) í lögum KSÍ er jafnframt talin upp þau viðurlög sem heimilt er að beita gagnvart *félögum* (gr. 40.1) og *einstaklingum* (gr. 40.2) vegna brota á lögnum og/eða reglugerðum KSÍ.

Af framangreindum ákvæðum reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál leiðir að ekki er gert ráð fyrir að ákvarðanir sem teknar eru af KSÍ eða í þessu tilfelli stjórn KSÍ sæti kæru til aga- og úrskurðarnefndar nema sérstök heimild liggi til þess í lögum eða reglugerðum KSÍ. Af hálfu kæranda hefur ekki verið vísað til slíkra heimilda og brast kæranda samkvæmt framangreindu heimild til þess að kæra KSÍ enda getur það ekki verið varnaraðili málsins, sbr. gr. 7.4 reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Fær þetta jafnframt stoð í dómi áfrýjunardómstóls KSÍ í máli nr. 1/2016.

Þá eru jafnframt ákveðin takmörk sett við því hvaða viðurlögum aga- og úrskurðarnefnd er heimilt að beita í kærumálum. Úrskurður aga- og úrskurðarnefndar sem kveður á um réttindi eða skyldur aðila máls verður þannig að eiga sér stoð í lögum og/eða reglugerðum KSÍ. Hvorki er í lögum KSÍ né í videigandi reglugerðum að finna nein ákvæði er skjóta stöðum undir heimild aga- og úrskurðarnefndar til þess að fella úr gildi eða breyta ákvörðunum sem stjórn KSÍ hefur tekið líkt og kærandi hefur farið fram á í þessu máli né kveða á um með sjálfstæðum hætti hver skuli vera lokaniðurröðun tiltekinna liða í Lengjudeild karla í Íslandsmótinu.

Að virtum framangreindum ákvæðum í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál og lögum KSÍ og eins og málatilbúnaði kæranda er háttað í kæru verður ekki komist hjá því að vísa málinu frá aga- og úrskurðarnefnd.

Í ljósi niðurstöðu málsins og með vísan til gr. 12.1 d) í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er kröfu kæranda um málskostnað hafnað.

V.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá. Kröfu um málskostnað er hafnað.

Um fresti vegna áfrýjunar:

Samkvæmt grein 17.3 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

Sigurður I. Halldórsson [sign]

Halldór Frímansson [sign]

Þröstur Ríkhartsson [sign]